

í hverri útey gjöra nýjar lundaholur, 6—8 þumlunga djúpar, og taka gras og arfa úr gömlum holudyrum. **93**
16. júlí.

4. gr.

Hver sameign — og sjereign einnig — skal í byrjun veiðitímans ár hvert kjósa úr flokki veiðimanna umsjónarmann fyrir hverja útey, er sjái um, að samþykkt þessari sje í öllum greinum rækilega hlýtt. Að launum skal umsjónarmaður sá, er kosinn er fyrir hverja útey fá 1 fugl af óskiptu af hverjum 200, sem veiðast um veiðitímann í þeirri útey.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5 til 100 króna, er falli hálfar til sveitarsjóðs, en hálfar til þess manns, er kemur brotinu upp.

Skrifstofu Vestmannaeyjasýslu, 9. júní 1895.

Jón Magnússon.

*

*

*

Framanrituð samþykkt er hjer með staðfest til þess að öðlast gildi 1. október 1895.

Skrifstofu Suðuramtsins, 16. júlí 1895.

J. Havsteen.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um talning á holdsveikum og skýrslur um sjúkdóminn. — Samkvæmt fyrirmælum ráðgjafans fyrir Ísland skal jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir alla hjeraðslækna í ömtum yðar og aukalækna, er styrk hafa af opinberu fje, að byrja svo fljótt, sem audið er, á fullkominni og nákvæmri talning á öllum holdsveikum, sem í hjeröðum þeirra eru, og halda talning þessari smámsaman áfram með rannsókn á hverju einasta heimili í hjeraði hverju, jafnóðum og sjúkra vitjanir og embættisferðir gefa tækifæri til þess. Rannsókninni og talningunni á að vera lokið fyrir 1. júlí 1898, og eptir það á hver læknir innan mánaðar að senda landlækni skrá yfir alla holdsveika í hjeraði hans eða umdæmi, og á í þeirri skrá að skýra frá aldri hinna sjúku, bústað þeirra, kjörum þeirra, tegund sjúkdómsins og stigi o. s. frv., allt eptir eyðublaði, sem samið verður af landlækni, og útbýtt til læknanna innan skamms. **94**
23. júlí.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um lántökuleyfi banda amtsráði (Ágrip). — Með brjefi þessu samþykkti landshöfðingi, að amtsráð Suðuramtsins tæki 4500 kr. lán, til þess að standast kostnað við búnaðarskólahaldið á Hvanneyri. **95**
24. júlí.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Árnessýslu um reglur fyrir umferð um brúna á Þjorsá hjá Þjótanda og um gæzlu brúarinnar fyrst um sinn. — Jafnframt því að senda yður hjer með, herra sýslumaður, nokkur eintök af reglum fyrir **96**
25. júlí.